

útlagðs kostnaðar stefnanda samkvæmt dskj. 23, en hann nemur kr. 300.00.

Gunnar M. Guðmundsson, fulltrúi borgardómara, kvað upp þenna dóm ásamt meðdómendunum Jónasi Jónassyni skipstjóra og Jóni Ármannssyni sjómanni.

Dómsorð:

Stefndi, Togaraafgreiðslan h/f, greiði stefnanda, Sölva Þorsteini Valdimarssyni, kr. 68.560.00 ásamt 6% ársvöxtum frá 14. júlí 1953 til greiðsludags og kr. 7000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Föstudaginn 26. febrúar 1960.

Nr. 117/1959. **Oliufélagið Skeljungur h/f**

(Gunnar Þorsteinsson hrl.)

gegn

borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs

(Tómas Jónsson hrl.).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson, prófessor Ármann Snævarr og Valdimar Stefánsson sakadómari.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 26. júní 1959. Krefst hann þess, að veltuútsvarsálagning í Reykjavík á hendur honum árið 1957, að fjárhæð kr. 869.556.00, verði dæmd ólögmæt og að stefnda verði gert að endurgreiða honum nefnda fjárhæð ásamt 6% ársvöxtum frá 14. febrúar 1958 til greiðsludags. Svo krefst áfrýjandi og málskostnaðar úr hendi stefnda í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og máls-

kostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Samkvæmt 3. tölulið 4. gr. laga um útsvör nr. 66/1945 er niðurjöfnunarnefnd rétt við álagningu útsvars að taka til greina sérhvað það, er telja má máli skipta um gjaldþol útsvarsgreiðanda, og eftir 2. mgr. 24. gr. sömu laga er úrskurður ríkisskattaneftndar fullnaðarúrskurður um útsvarsupphæð. Við álagningu útsvars, sem hér er deilt um, hafa nefnd skattayfirvöld haldið sér innan valdmarka sinna, og eru eigi slíkir annmarkar á ákvörðun útsvarsins, að dómstólar fái hnekkð gerðum þeirra. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Áfrýjanda ber að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Oliufélagið Skeljungur h/f, greiði stefnda, borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 25. maí 1959.

Mál þetta, sem var dómtekið 22. f. m., hefur Skeljungur h/f höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 14. febrúar 1958, gegn borgarstjóranum í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs og haft uppi þær kröfur:

1. Að veltuútsvarsálagning í Reykjavík, að fjárhæð kr. 869.556.00, árið 1957 á Oliufélagið Skeljung h/f verði dæmd ólögmat.

2. Að borgarstjórinn f. h. bæjarsjóðs verði dæmdur til að endurgreiða stefnanda þá fjárhæð með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags.

3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu að mati dómsins.

Stefndi hefur aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar, en til vara sýknu gegn endurgreiðslu á kr. 138.545.00.

Málavextir eru þeir, að árið 1957 var lagt útsvar á stefnanda hér í Reykjavík, að fjárhæð kr. 940.000.00, en af þeirri fjárhæð

kveður stefnandi kr. 869.556.00 hafa verið svokallað veltuútsvar, þ.e. 1.5% af verzlunarveltu stefnanda hér í bænum. Þessa fjárhæð telur stefnandi allt of háa og hreina fjarstæðu, miðað við heildarsölu hans á benzíni, þ. e. um 57.9 milljónir króna, ekki sízt, þegar þess er gætt, að vegna ákvæða þeirra, sem nú gilda um verðlag, er hagnaður stefnanda af sölunni takmarkaðri en svo, að reksturinn fái borið uppi svo háa útsvarsálagningu. Hefur stefnandi lagt fram álitsgerðir tveggja löggiltra endurskoðenda, er styðja þessa málsástæðu hans. Telur stefnandi sýnt, að með slíkum álagningum sé gengið svo mjög á stofnfé og eignir sínar, að þær fái ekki enzt nema 4—5 ár.

Stefndi styður aðalkröfu sína við það, að útsvar stefnanda hafi verið ákveðið með venjulegum hætti og innan lögleyfðra marka, en varakröfuna byggir hann á því, að stefnandi hafi goldið útsvar sitt án fyrirvara um endurheimtu, að fráteknnum kr. 138.545.00, er greiddar voru hinn 12/12 1957 með slíkum fyrirvara.

Það er ekki vefengt í máli þessu, að niðurjöfnunarnefnd hafi fylgt reglum 4. gr. laga nr. 66 frá 1945 um útsvör, er hún ákvað útsvar stefnanda m. a. með hliðsjón af veltu hans, sbr. 3. tölu-lið nefndrar greinar laganna. Nefndin virðist því hafa ákveðið útsvar þetta innan réttra valdmarka, enda þykir stefnandi ekki hafa sýnt fram á það, að útsvarsfjárhæðin, þótt há sé, verði að teljast fjarstæða. Samkvæmt þessu eru ekki tók á að hrinda eða lækka álagninguna, og ber að taka til greina sýknukröfu stefnda, en eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Skeljungs h/f, í máli þessu, en málskostnaður falli niður.
